

Arctica Finance hf.
Ársreikningur móðurfélags 2019

Arctica Finance hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Kt.: 540509-1820

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3-4
Áritun óháðra endurskoðenda	5-6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10-13
Stjórnarháttayfirlýsing	14-18

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur móðurfélags Arctica Finance hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlara.

Starfsemi félagsins

Arctica Finance hf. er verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins á grundvelli starfsleyfis frá mars 2010 með síðari viðbótum. Um starfsemi Arctica Finance hf. gilda m.a. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Arctica Finance hf. hefur byggt þjónustu sína á því að veita víðskiptavinum ráðgjöf í gegnum tvö svið, Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsvíðskipti.

Starfsmenn Arctica Finance hf. árið 2019 voru að meðaltali 19. Í árslok voru stöðugildi 17 hjá Arctica Finance hf. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu félagsins nam 301,0 millj. kr. (2018: 288,4 millj.kr.).

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap félagsins á árinu 304,4 millj. kr. Eigið fé í árslok 2019 nam 622,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, er 34,6% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins var 36,2 millj. kr. í árslok og skiptist í fjóra flokka. Hluthafar voru 8 í árslok 2019 og breyttist ekkert á árinu. Hluthafar félagsins í árslok 2019 eru:

Nafn	Ríkisfang	Nafnverð	Hlutflokkur
Arctica Eignarhaldsfélag ehf.*	Íslenskt	35.999.999	A-flokkur
Viti fjárfestingarfélag ehf.	Íslenskt	1	A-flokkur
	Samtals	36.000.000	
Bjarni Þórður Bjarnason.....	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Gunnar Jóhannesson.....	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Jón Þór Sigurvinsson.....	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Ólafur Þór Finsen.....	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Stefán Þór Bjarnason.....	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Eigin hlutir.....		20.000	B-flokkur
	Samtals	70.000	
Eigin hlutir.....		30.000	C-flokkur
	Samtals	30.000	
Agnar Hansson.....	Íslenskur	35.000	D-flokkur
Eigin hlutir.....	Íslenskur	65.000	D-flokkur
	Samtals	100.000	
Hlutfé samtals		36.200.000	

*Raunverulegir eigendur eru Bjarni Þórður Bjarnason (50,25%) og Stefán Þór Bjarnason (33,50%).

Hlutfé í A-flokki veitir atkvæðisrétt í samræmi við ákvæði samþykktar Arctica Finance hf. Hlutfé í B-, C- og D-flokki eru án atkvæðaréttar, að undanskildu því er snertir málefni viðkomandi hlutflokks.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar, frh.

Ákvörðun um greiðslu arðs til hluthafa á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019 verður tekin á aðalfundi, en vísað er til ársreiknings félagsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Arctica Finance hf. eru í samræmi við almennar leiðbeiningar um stjórnarhætti þeirra sem lúta eftirliti opinberra stjórnvalda, auk þess sem tekið er mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnuþliffsins. Stjórnun og yfirráð yfir Arctica Finance hf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmaði stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirráð félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutafélög, lög um fjármálafyrirtæki, lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, reglugerð um varfæriskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, reglugerð um fjárfestavæðing og viðskipti fjármálafyrirtækja og reglur Kauphallar, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti félagsins er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum. Í aðalstjórn eru tveir karlmenn og einn kvenmaður og í varastjórn þess eru tveir karlmenn.

Í mars 2019 féll dómur í héraðsdómi Reykjavíkur í máli Arctica Finance á hendur Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu. Féllst héraðsdómur á kröfu Arctica Finance að hluta og var stjórnvaldssekt Arctica Finance lækkuð úr 72 millj. kr. í 24 millj. kr., en að öðru leyti var kröfu um ógildingu stjórnvaldsákvörðunar hafnað. Stjórn Arctica Finance tók ákvörðun um áfrýjun dómsins til Landsréttar og er beðið málflyttings. Endurkrafa að fjárhæð 48 millj. kr. auk dráttarvaxta hefur verið færð upp í ársreikningi 2019.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamíðlara. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu 31. desember 2019, rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjórn Arctica Finance hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2020

Stjórn:

María Rúnars
Pórir Gatanar

Framkvæmdastjórn:

Stjórnir

Ársreikningur Arctica Finance hf. 2019

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Arctica Finance hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Arctica Finance hf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Arctica Finance hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 25. mars 2020.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Póknunatekjur	2	351.170	761.749
Fjármunatekjur		19.157	12.863
Gangvirðisbreytingar verðbréfa	(	218.421)	(21.937)
Aðrar rekstrartekjur		5.111	54.010
Tekjur alls		157.017	806.685
 Vaxtagjöld	(	1.367)	(4.893)
Gengismunur		4.063	(3.249)
Rekstrartekjur samtals		159.713	798.544
 Laun og launatengd gjöld	12	301.029	288.400
Annar rekstrarkostnaður		165.143	256.922
Afkoma í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaganna		23.029	5.258
Afskriftir	13	328	162
Rekstrarkostnaður samtals		489.529	550.742
 (Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(	329.817)	247.802
 Tekjuskattur	7,11,20	25.412	(49.749)
 (Tap) hagnaður ársins.....	18	(304.405)	198.053
 Hagnaður á hlut:			
(Tap) hagnaður á hlut	4	(8,42)	5,48

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	2.061	1.015
Eignarhlutur í dótturfélagi	5,14	12.699	12.859
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	6,15	174.730	129.635
Reiknuð skatteign		32.872	7.460
Viðskiptakröfur	8	76.005	281.282
Aðrar skammtímakröfur		59.771	16.415
Verðbréf	9,16	238.040	491.348
Handbært fé	10	80.188	146.379
Eignir samtals		676.367	1.086.393
 Eigið fé			
Hlutfé	17	36.085	36.085
Lögbundinn varasjóður		9.045	9.045
Óráðstafað eigið fé		576.895	908.017
Eigið fé samtals	18	622.025	953.147
 Skuldir			
Viðskiptaskuldir		7.413	7.134
Skattar ársins	20,21	0	52.380
Aðrar skuldir		46.928	73.732
Skuldir samtals		54.342	133.247
 Eigið fé og skuldir samtals		676.367	1.086.393

Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	18	(304.405)	198.053
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		328	162
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага		23.029	5.258
Áhrif gangvirðisbreytinga		218.421	0
Reiknaður tekjuskattur	7,20	(25.412)	(2.632)
Aðrir liðir		0	350
Veltufé (til) frá rekstri		(88.039)	201.191
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		161.920	(185.878)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(78.905)	3.090
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		83.015	(182.788)
Handbært fé frá rekstri		(5.023)	18.404
 Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir		(1.374)	(1.177)
Verðbréf, breyting		34.887	(69.439)
Eignarhlutir í félögum, breyting		(67.964)	(96.874)
Fjárfestingarhreyfingar		(34.451)	(167.490)
 Fjármögnunarhreyfingar			
Keypt eigið hlutafé		(26.717)	(89.904)
Lánasamningur, breyting		0	(117.962)
Fjármögnunarhreyfingar		(26.717)	(207.867)
 Breyting á handbæru fé		(66.191)	(356.953)
Handbært fé í ársbyrjun		146.379	503.332
Handbært fé í árslok	10	80.188	146.379

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur móðurfélags Arctica Finance hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Félagið er dótturfélag Arctica Eignarhaldsfélags ehf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík.

2. Innlaun tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í desemberlok 2019. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur og vextir á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

4. Hagnaður á hlut

Hagnaður eða tap á hlut er hlutfall afkomu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og er ætlað að sýna hver hagnaður er á hverja krónu hlutafjár. Tap félagsins nam 304,4 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 36,16 millj. kr.

5. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð yfir. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur. Eign í dótturfélögum er færð með hlutdeildaraðferð.

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði nema þegar eignarhlutdeild er meiri en fimmtungur af heildarhlutafé þá er beitt hlutdeildaraðferð.

7. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu þegar það á við og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutfall. Enginn tekjuskattur er til greiðslu vegna

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 55,4 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

9. Verðbréf

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri fjárhæð lána og krafna. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gilti á markaði í lok desember 2019.

Skýringar, frh.:

10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

11. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2019	2018
Tekjuskattur til greiðslu:		
Vegna ársins	0	(52.380)
Tekjuskattsskuldbinding:		
Breyting vegna tímabundins mismunar	25.412	2.632
Tekjuskattur í rekstrarreikning	25.412	(49.749)

12. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun	227.570	231.224
Tryggingargjald	17.482	17.707
Fjársýsluskattur	14.444	14.218
Önnur launatengd gjöld	41.533	25.251
Laun og launatengd gjöld samtals	301.029	288.400
Stöðugildi í árslok	17	21
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	19	22

Laun framkvæmdastjóra námu 12,0 millj. kr. á árinu 2019 (2018: 12,0 millj. kr.), laun þriggja lykilstarfsmanna námu 34,6 millj. kr. (2018: fjórir lykilstarfsmenn 46,6 millj. kr.), laun stjórnarformanns námu 4,8 millj. kr. (2018: 4,8 millj. kr.) og laun tveggja annarra stjórnarmanna námu 3,6 milli. kr. (2018: 3,6 milli. kr.).

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2019	1.177
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.2019	(162)
Bókfært verð 1.1.2019	1.015
Keypt á árinu	1.374
Afskrifað á árinu	(328)
Bókfært verð í árslok	1.046
Heildarverð 31.12.2019	2.551
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2019	(490)
Bókfært verð 31.12.2019	2.061
Afskriftahlutföll	20-33%

Skýringar, frh.:

14. Eignarhlutur í dótturfélagum

Eignarhlutur í dótturfélagum skiptist þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Viti rekstrarfélag hf.	100,00%	12.699
		12.699

Með vísan til 3. mgr. 68 gr. laga um ársreikninga hefur félagið ekki samið samstæðuársreikning enda er eignarhlutur félagsins í Viti rekstrarfélagi óverulegur hluti af samstæðunni í heild.

15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum skiptist þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Fasteignaþróunarfélagið Spilda ehf.	45,45%	27.688
Létt Flotastjórnun ehf.	29,49%	20.172
Live Data Market ehf.	51,00%	381
Reykjavík Creamery ehf.	11,22%	84.543
Var ehf.	25,00%	33.610
Vonzoo fjárfestingar ehf.	17,86%	8.335
		174.730

16. Verðbréf

Verðbréf með breytilegar tekjur greinast þannig:

	2019	2018
Skuldabréf og verðbréfasjóðir, óskráð	88.592	80.898
Hlutabréf, skráð	139.154	167.825
Hlutabréf, óskráð	10.294	242.625
Verðbréf alls	238.040	491.348

17. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 36,2 millj. kr., en félagið á eigin bréf að nafnverði 115 þús. kr. Hlutafé félagsins í A-flokkni nemur 36,0 millj. kr. en hlutafé í B, C og D-flokkni nemur 0,2 millj. kr. Samkvæmt samþykktum félagsins fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í A-flokkni.

18. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	36.160	9.045	799.793	844.998
Keypt eigið hlutafé (75)			(89.829)	(89.904)
Hagnaður ársins			198.053	198.053
Eigið fé 31.12.2018	36.085	9.045	908.017	953.147

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	36.085	9.045	908.017	953.147
Keypt eigið hlutafé			(26.717)	(26.717)
Tap ársins			(304.405)	(304.405)
Eigið fé 31.12.2019	36.085	9.045	576.895	622.025

Skýringar, frh.:

19. Eiginfjárlutfall

Við mat á eiginfjárförf sinni miðar félagið við ákvæði laga um eiginfjárlutfall sem kveða á um 8% lágmarks eiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfallinu er farið eftir alþjóðlegum stöðlum um mat á eiginfjárlutfalli (CEBS, COREP).

	2019	2018
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:		
Heildar eigið fé	622.025	953.147
Reiknuð skatteign	(32.872)	(7.460)
Eiginfjárgrunnur samtals	589.153	945.687
Eiginfjárfkra greinist þannig:		
Útlánaáætta	33.149	54.462
Markaðsáætta	1.436	6.053
Rekstraráætta	136.331	147.428
Eiginfjárfkra	136.331	147.428
Eiginfjárlutfall	34,6%	51,3%

20. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:	2019	2018
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	7.460	4.828
Tekjuskattur til greiðslu vegna rekstrar ársins	0	52.380
Reiknaður tekjuskattur ársins	25.412	(49.749)
Reiknuð skatteign í árslok	32.872	7.460
Reiknuð skatteign skiptist þannig:		
Rekstrarfjármunir	(134)	(50)
Gengismunur	(325)	144
Viðskiptakröfur	11.080	7.366
Yfirfæranlegt tap	22.251	0
Reiknuð skatteign í árslok	32.872	7.460

21. Skattamál

Skattar vegna ársins 2019 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn.

22. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila félagsins teljast vera móðurfélag, dóttur- og hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir framangreindra aðila og lögaðilar undir yfirráðum þeirra, og hliðstæðir aðilar framangreindra aðila í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

Félagið keypti á árinu skuldabréf af hluthafa í félaginu.

Félagið hefur ekki átt önnur viðskipti við tengda aðila á árinu.

23. Eignir í stýringu og vörslu

Félagið er með eignir í vörslu að fjárhæð 1.167,7 millj. kr. Þessar eignir eru ekki færðar í ársreikning félagsins.

24. Skuldbindingar

Félagið hefur gert húsaleigusamning til ársins 2023 um það húsnæði sem félagið starfar í. Áætlaðar leigugreiðslur vegna samningsins á árinu 2020 nema um 31,2 millj. kr. m.v. verðlag í ársbyrjun 2020.

Stjórnarháttayfirlýsing rekstrarárið 2019

Góðir stjórnarhættir Arctica Finance hf. (Arctica) leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, stjórnarmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun félagsins. Á hverju ári gerir Arctica úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir Arctica á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem Arctica fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ber stjórn Arctica ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag félagsins stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn þess, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ber stjórninni enn fremur árlega að endurmeta stjórnarhætti sína með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á. Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, skal Arctica fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Arctica ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Arctica fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út 1. júní 2015 (5. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (leiðbeiningarnar). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://leidbeiningar.is>. Þessi stjórnarháttayfirlýsing fylgir þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2. Frávik frá leiðbeiningunum

Arctica vikur frá ákvæði greinar 1.1.2 í leiðbeiningunum um að ákveða og upplýsa um tímasetningu aðalfundar og auglýsingu hans. Þá vikur Arctica frá ákvæðum greinar 1.1.6 um birtingu upplýsinga um framboð til stjórnar á vefsíðu félagsins. Ástæðan er sú að endanlegir hluthafar Arctica eru allir starfsmenn félagsins sem auðvelt er að koma upplýsingum til.

Arctica vikur einnig frá ákvæðum greinar 1.5 í leiðbeiningunum, um skipun tilnefningarnefndar eða ákvörðun um hvernig hún skuli skipuð, og ákvæðum greinar 5.4, um skipun starfskjaranefndar. Ekki þykir ástæða til þess að skipa í þessar nefndir í ljósi þess hversu fáir hluthafar eru og þess að hluthafar eru allir starfsmenn félagsins.

3. Aðrar reglur og viðmið

Fjármálafyrirtækjum líkt og Arctica ber að fara eftir margvíslegum lögum og reglum, t.d. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, hlutafélagalög nr. 2/1995, lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskipti fjármálafyrirtækja, og ýmis leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til að starfa sem verðbréfafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi félagsins eins og lög gera ráð fyrir.

4. Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn Arctica ber ábyrgð á að fyrir hendi sé virk áhættustjórnun og innra eftirlit. Slíkt tryggir Arctica þó hvorki algerlega gegn rangri upplýsingagjöf né mögulegu tapi, enda ávallt einhver áhætta sem felst í starfsemi félagsins. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti í rekstri Arctica og að innleiddar séu eftirlitsaðgerðir til að stjórna áhættu. Tilgangur innra eftirlits er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi afkomu, áhættuvilja og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og hlíti lögum og reglum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Innra eftirlit og áhættustýring, frh.

Það er stefna Arctica að taka aðeins áhættu sem félagið skilur, getur metið og mætt. Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri félagsins. Í áhættustjórnun felst greining, mat og stýring á áhættupáttum í rekstri Arctica og að félagið hafi skilvirkt skipulag til að mæta áhættu og/eða miðla upplýsingum um áhættu til grundvallar upplýstri ákvarðanatöku. Lögð er áhersla á að innan Arctica sé viðhöfð fagleg áhættustjórnun, að starfsmenn þekki og skilji áhættupætti sem tengjast starfi þeirra og að viðbrögð við áhættu byggji á upplýstri ákvarðanatöku.

Áhættustjórnun og innra eftirlit er samofið daglegri starfsemi Arctica. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og stjórnun á áhættum sem stöðja að einingum þeirra. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er hluti innra eftirlits.

Sem lið í áhættustjórnun hefur stjórn Arctica sett ýmsar innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þ. á m. reglur um áhættustýringu, stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, reglur um varnir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og reglur um flokkun viðskiptavina. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn félagsins og forstöðumenn einstakra deilda bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra á stýringu á áhættupáttum sem að þeim snúa.

Áhættunefnd er starfandi innan Arctica á grundvelli reglna stjórnar félagsins um áhættustýringu og fjallar hún með reglubundnum hætti um málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun. Áhættunefnd þessi er ekki áhættunefnd í skilningi 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem að Arctica hefur undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu.

Stjórn Arctica hefur gert samning við BDO ehf. um innri endurskoðun félagsins, sem felur í sér að BDO geri árlega innri endurskoðun sem miðast við 16. grein laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og ákvæði leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008, um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja, sbr. nr. 2/2011, um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum. BDO skilar niðurstöðum innra eftirlits hverju sinni beint til stjórnar.

5. Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Ein dýrmætasta eign sérhvers fjármálafyrirtækis er traust og trúverðugleiki, sem aftur ræðst af siðferði starfsmanna þeirra. Arctica leggur áherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu. Þar skipa fræðsla og þekking starfsmanna, ásamt siðferðis- og hegðunarreglum félagsins, mikilvægan sess, en niðurstaðan grundvallast þó alltaf á hugarfari viðkomandi starfsmanna. Stjórnendur leggja því ríka áherslu á að skapa þá umgjörð og menningu sem líklegust er til að hlúa að og auka siðferði starfsmanna félagsins.

Stjórn Arctica hefur samþykkt siðferðileg viðmið, sem er ætlað að vera grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis innan Arctica. Viðmiðin gilda um samskipti Arctica og starfsmanna þess við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Viðmiðin taka mið af viðmiðum Samtaka fjármálafyrirtækja frá því í apríl 2012.

Arctica gerir sér grein fyrir því að fyrirtæki hafa ekki aðeins hagfræðileg áhrif á nærumhverfi sitt, heldur einnig félagsleg áhrif. Því er mikilvægt að félagið hafi ætíð samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi, bæði í innri og ytri athöfnum og gjörðum sínum, jafnt í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavini, starfsmenn, þjónustuaðila og samfélagið í heild.

Arctica hefur ávallt stutt við samfélagsleg málefni í umhverfi sínu og hefur veitt styrki til margvíslegra verkefna, stórra og smárra, og þannig haft aðkomu að góðgerðarmálum, menningarlífi og íþróttalífi. Þá eru starfsmenn hvattir til að leggja með beinum hætti góðum málefnum lið.

Arctica hefur sett sér stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, annars vegar á milli félagsins sjálfs og viðskiptavina þess og hins vegar á milli viðskiptavina þess innbyrðis. Jafnframt hefur stjórn Arctica sett reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna félagsins. Markmið þeirra er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og auka trúverðugleika Arctica.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið, frh.

Starfsreglum stjórnar Arctica er, til viðbótar við ofangreindar reglur, ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Arctica. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við Arctica og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptavinum.

6. Stjórn, framkvæmdastjórn og undirnefndir

Í stjórn Arctica sitja þrír aðalmenn og tveir til vara, en þeir eru allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Formaður er kosinn á stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum ásamt lögfræðingi félagsins sem er ritari stjórnar. Stjórn kemur saman að jafnaði átta sinnum á ári, en oftast ef þurfa þykir. Stjórn Arctica fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórn ber ábyrgð á starfsemi félagsins og stefnumótun og hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi félagsins og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir félagsins og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Stjórn hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri Arctica og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem stjórn setur sér er kveðið nánar á um störf stjórnar.

Í framkvæmdastjórn er einvörðungu framkvæmdastjóri Arctica, en framkvæmdastjóri hefur ennfremur ráðið aðstoðarframkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, sem jafnframt ákveður starfskjör hans og veitir prókúruumboð. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs, þ.m.t. forstöðumenn þriggja deilda Arctica auk regluvarðar. Framkvæmdastjóri ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn Arctica hefur ekki sett á laggirnar undirnefndir, en á grundvelli reglna sem stjórnin hefur sett þá starfa innan Arctica bæði áhættunefnd, sem áður hefur verið getið, og öryggisnefnd. Öryggisnefnd er skipuð starfsmönnum Arctica og starfar samkvæmt öryggisstefnu félagsins.

7. Skipun nefndarmanna tilnefningarnefndar

Arctica hefur ekki skipað tilnefningarnefnd.

8. Skipun nefndarmanna í undirnefndir

Engar undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá Arctica.

9. Fjöldi funda og mæting

Á starfsárinu voru haldnir sjö stjórnarfundir og mættu aðalmenn á alla fundi. Á núverandi starfsári er áætlað að haldnir verði átta stjórnarfundir.

10. Nálugin starfsreglna stjórnar

Starfsreglur stjórnar Arctica má finna á heimasíðu félagsins, www.arctica.is.

11. Stjórnarmenn

María Rúnarsdóttir, (1978) stjórnarformaður, hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2009. María er sjálfstætt starfandi fjárfestir. Áður starfaði María meðal annars sem fjármálastjóri fasteignafélagsins SMI ehf. og Korputorgs ehf., ráðgjafi hjá KPMG Ráðgjöf og sem fjármálastjóri Svar tækni ehf., auk þess að vera einn stofnenda MINT Solutions ehf. María situr í dag í stjórn nokkurra félaga, MRI ehf., SMI Balkan ehf., NMR ehf., Umbra ehf., Uniconita Ísland ehf., EA11 ehf., EA14 ehf. og Lækjarkór ehf. María er með MBA gráðu frá MIT (Massachusetts Institute of Technology) í Bandaríkjunum og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórnarmenn, frh.

Erlendur Svavarsson, (1972) stjórnarmaður, byrjaði sem varastjórnarmaður árið 2010, en tók sæti í aðalstjórn árið 2013.

Erlendur hefur starfað í fluggeiranum frá 1992, þegar hann hóf störf hjá Flugfélaginu Air Atlanta og síðar MD flugfélaginu. Árið 2003 hóf Erlendur störf hjá Loftleiðum Icelandic ehf. Árið 2008 hóf Erlendur störf hjá Icelandair Group sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Síðan 2010 hefur Erlendur verið framkvæmdastjóri hjá Loftleiðum Icelandic. Erlendur hefur setið í stjórnnum ýmissa dótturfyrirtækja Icelandair Group og situr nú í stjórn Cabo Verde Airlines. Erlendur er með BA gráðu í rússnesku og hagfræði frá Háskóla Íslands, MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og AMP gráðu frá Harvard Business School.

Pórir Kjartansson, (1969) stjórnarmaður, byrjaði sem varastjórnarmaður árið 2011, en tók sæti í aðalstjórn árið 2012. Pórir er byggingaverkfræðingur frá Háskóla Íslands 1993 og með MBA-gráðu frá IESE. Pórir hefur verið sjálfstætt starfandi fjárfestir frá 2000 í gegnum Íslenska fjárfestingu ehf. sem hann á og rekur í samstarfi við annan mann. Pórir hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum og má þar nefna að Pórir var í stjórn Landspítalans – Háskólasjúkrahúss til nokkurra ára. Pórir situr í eftirfarandi stjórnnum: Íslensk fjárfesting ehf., Söltún 4 ehf., RR hótél ehf., Kársnesbyggð ehf., Kársnesbyggð II ehf., Kistill ehf., Söltún 1 ehf., Öldungur hf., RR fasteignir ehf., RR Fasteignir II ehf., Vinabyggð ehf., Söltún öldrunarþjónusta ehf., Hafnarbyggð ehf., Úlfaldi ehf., AP Almannatengsl ehf., AP Sýningar ehf., ATH fjárfestingar ehf., Íslenska heilbrigðisþjónustan ehf., Sútarinn ehf., Íslenskar fasteignir ehf., Rekstrarfélag Íslenskrar fjárfestingar ehf., Einvala fjárfesting ehf., Eignarhaldsfélagið Kilroy ehf., Leigufélagið Skipholt ehf., Fasteignafélag ÍFJ ehf. og Eignarhaldsfélagið Vinabyggð ehf.

Gísli Þór Arnarson, (1972) varastjórnarmaður, hefur verið varastjórnarmaður síðan 2012. Gísli Þór er með C.S gráðu í umhverfis- og byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá University of Louisville í Bandaríkjunum. Gísli Þór er framkvæmdastjóri Innanlandssviðs Samskipa, en var árin 2006 - 2012 forstöðumaður í innflutningsdeild Samskipa. Áður starfaði Gísli Þór í þrjú ár sem viðskiptastjóri í innflutningsdeild Eimskips og önnur þrjú ár þar á undan starfaði Gísli Þór við verkfræði og viðskiptaráðgjöf hjá The Corradino Group. Gísli Þór situr í stjórnnum KASK Flutninga ehf., Brettasmiðju O.R. ehf., Davíðshóls ehf., Lífæð ehf., Póstmarkaðinum ehf., Landflutningum ehf. og Jónum Transport hf.

Páll Ólafsson, (1978) varastjórnarmaður, hefur verið varastjórnarmaður síðan 2015. Páll er með B.Sc. gráðu í fjármálum frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í fjármálum frá Cass Business School. Páll hefur starfað í tengslum við bankastarfsemi í yfir 10 ár, bæði sem greinandi og ráðgjafi. Þá hefur Páll setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, eins og Aurora Fashions Ltd., Karen Millen Ltd. og Celsius Holding SARL., en í dag situr Páll í stjórnnum Múrbúðarinnar ehf., MBKF ehf. og MBKF1 ehf.

12. Óhæði stjórnarmanna

Aðal- og varamenn í stjórn Arctica eiga ekki hluti í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Aðal- og varamenn eru jafnframt óháðir Arctica og stórum hluthöfum og hafa engin hagsmunatengsl við stóra hluthafa í Arctica eða helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins fyrir utan hefðbundin bankaviðskipti.

13. Árangursmat stjórnar

Á stjórnarfundum á fyrsta ársfjórðungi lagði stjórn Arctica mat á störf sín, verklag og starfshætti, í samræmi við starfsreglur stjórnar, fyrir starfsárið. Niðurstaða þessa árlega árangursmats var sú að störf stjórnar og yfirstjórnar Arctica hafi að öllu verulegu leyti verið í lagi og að ekkert væri til staðar sem kallaði á aðgerðir af hálfu stjórnar umfram það sem þegar hefði verið gert.

14. Framkvæmdastjóri Arctica

Stefán Þór Bjarnason (1971) hefur verið framkvæmdastjóri Arctica frá stofnun félagsins. Stefán Þór var forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á Íslandi og vann hjá Landsbankanum á árunum 1999 fram til október 2008. Á þessum tíma leiddi Stefán Þór eða tók þátt í flestum af helstu fyrirtækjaráðgjafarverkefnum bankans.

Stefán Þór lauk kandiðatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, öðlaðist málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2001, og hefur lokið prófi sem löggiltur verðbréfamiðlari bæði á Íslandi og í Bretlandi.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Framkvæmdastjóri Arctica, frh.

Stefán Þór er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í Arctica Eignarhaldsfélagi ehf. og á 33,50% í því félagi, en það félag á alla hluti utan eins í A-flokki í Arctica, en sá hlutaflokkur fer með nær allan atkvæðarétt í félaginu. Þá er Stefán Þór varamaður í stjórn Vita fjárfestingafélags ehf., sem er félag í fullri eigu Arctica Eignarhaldsfélags ehf., og stjórnarmaður í Á1 ehf., sem Viti fjárfestingafélag ehf. á fjórðungshlut í. Auk þessa er Stefán Þór stjórnarmaður í dótturfélagi Arctica, Vita rekstrarfélagi hf. Þar fyrir utan situr Stefán Þór í stjórnnum Vonzeo fjárfestinga ehf. og Var ehf. og er varamaður í stjórn Kassetu ehf. Stefán Þór hefur engin önnur hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í Arctica.

Stefán Þór er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í Arctica Eignarhaldsfélagi ehf. og á 33,50% í því félagi, en það félag á alla hluti utan eins í A-flokki í Arctica, en sá hlutaflokkur fer með nær allan atkvæðarétt í félaginu. Þá er Stefán Þór varamaður í stjórn Vita fjárfestingafélags ehf., sem er félag í fullri eigu Arctica Eignarhaldsfélags ehf., og stjórnarmaður í Á1 ehf., sem Viti fjárfestingafélag ehf. á fjórðungshlut í. Auk þessa er Stefán Þór stjórnarmaður í dótturfélagi Arctica, Vita rekstrarfélagi hf. Þar fyrir utan situr Stefán Þór í stjórnnum Vonzeo fjárfestinga ehf. og Var ehf. og er varamaður í stjórn Kassetu ehf. Stefán Þór hefur engin önnur hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í Arctica.

Arctica hefur enga kaupréttarsamninga gert.

15. Brot á lögum og reglum

Arctica gerðist ekki brotlegt gagnvart lögum eða reglum. Þá hafa engar kvartanir eða athugasemdir borist Arctica frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

16. Samskipti

Stjórnin hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir Arctica og starfsreglur stjórnar. Formaður stjórnar stýrir samskiptum stjórnar við hluthafa. Stjórnarmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmunum Arctica og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, laga um fjármálafyrirtæki og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda.

Allir raunverulegir eigendur hlutfjár í Arctica eru starfsmenn félagsins og hafa með þeim hætti tök á að fylgjast vel með starfsemi félagsins. Þar fyrir utan birtir Arctica fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu félagsins og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar verða á starfsemi félagsins eða ef félagið hefur haft milligöngu um stærri viðskipti.

Á aðalfundum Arctica er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.